

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1994

Nr. 108

326

16. júní 1994

FORSETABRÉF um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, frá 17. júní 1994 og standi sú frestun til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 109

24. júní 1994

AUGLÝSING um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 frá 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 88 frá 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra, að Sighvatur Björgvinsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra fer jafnframt því embætti sínu með ráðherrastörf þau sem Guðmundi Árna Stefánssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, og Guðmundur Árni Stefánsson fer með ráðherrastörf þau sem

Jóhönnu Sigurðardóttur voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með félagsmálaráðuneytið.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 24. júní 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 25. júní 1994.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 24. júní 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.